

AUGLÝSING

123

3. júlí

um breyting á erindisbréfi fyrir yfirfiskimatsmenn nr. 70 3. júlí 1933.

Niðurlag 7. gr. erindisbréfs fyrir yfirfiskimatsmenn frá og með orðunum: „Þegar fiskur er fluttur út í pökkum“ o. s. frv., falli niður, en í stað þess komi:

Þegar fiskur er fluttur út í pökkum, skal yfirfiskimatsmaður gæta þess, að umbúðirnar séu fullnægjandi og ekki notaður rýrari strigi en reglugerð um umbúðastriga frá 23. júlí 1937 mælir fyrir. Saltfiskur skal ætíð bundinn í góðar strigaumbúðir eða um hann húið á annan eigi ótryggari hátt. Þó getur fiskimatsstjóri leyft að flytja út óverkaðan fisk í lakari umbúðum eða lausan, ef um lélegar eða ódýrar fisktegundir er að ræða eða ef sérstaklega stendur á.

Yfirfiskimatsmenn skulu sjálfir annast eftirlit það, er grein þessi ræðir um, að svo miklu leyti, sem því verður við komið, en annars fela þeir það fiskimatsmönnum fyrir sína hönd. Með samþykki fiskimatsstjóra geta yfirfiskimatsmenn einnig gefið hleðslustjórum með fisktökuskipum umboð til að annast nokkurn hluta eftirlitsins, enda sé það fram tekið í umboðinu eða sérstöku erindisbréfi fyrir hleðslustjóra, hve langt þetta eftirlit þeirra nær.

Ef skipunum yfirfiskimatsmanns eða umboðsmanns fyrir hans hönd er ekki hlýtt, getur yfirfiskimatsmaður neitað að gefa vottorð um fiskinn.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 3. júlí 1939.

Ólafur Thors.

Páll Pálmason.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Styrktarsjóð sjúklinga Hressingarhælisins í Kópavogi“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum 3. júlí 1939, af dóms- og kirkjumálaráðherra. 124
3. júlí

Skipulagsskráin er þannig:

REGLUGERÐ

fyrir Styrktarsjóð sjúklinga Hressingarhælisins í Kópavogi.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Styrktarsjóður sjúklinga Hressingarhælisins í Kópavogi.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 1. janúar 1939 af Styrktarsjóð sjúklinga af Reykjahæli og Styrktarsjóð sjúklinga í Hressingarhælinu í Kópavogi.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja efnalitla sjúklinga á hælinu.

4. gr.

Sjóðurinn skal geymdur og ávaxtaður á öruggum stað. Má aldrei skerða höfuðstólinn, og það sem lagt er við hann rennur algerlega inn í hann og kemur undir sömu ákvæði.

124

3. júlí

Stjórn sjóðsins skal skipuð þrem mönnum. Er læknir og hjúkrunarkona hælising sjálfkjörin í stjórnina, en þriðja maðurinn kjósa sjúklingar úr sínum hópi. Læknirinn er formaður stjórnarinnar. Gjaldkeri sjóðsins skal sá vera er kosinn er í stjórn hans af sjúklingum, þó skal stjórninni heimilt að útnefna sérstakan gjaldkera úr hópi sjúklinga á sína ábyrgð.

6. gr.

Stjórnin skal gera reikningsskil fyrir sjóðnum árlega, og er reikningsár hans almanaksárið. Kjósa svo sjúklingar tvo menn úr sínum hópi, til þess að endurskoða reikningana.

7. gr.

Þriggja manna nefnd, er sjúklingar kjósa úr sínum hópi, skal hafa það starf með höndum að afla sjóðnum tekna. Hvert sinn, er nefndarmaður fer af hælínu, skal kjósa í hans stað. Ávallt skal vera að minnsta kosti ein kona í nefndinni.

8. gr.

Tekjur sjóðsins eru í fyrsta lagi vextir af höfuðstólum, og svo aðrar tekjur, er til kunna að falla.

9. gr.

Gjafir allar skulu leggjast við höfuðstól, nema annað sé fram tekið af gefendum.

10. gr.

Sjóðurinn tekur til starfa þegar í stað, og skal úthlutað úr honum allt að $\frac{3}{4}$ hlutum af árstekjum hans, eftir nánari ákvörðun stjórnarinnar.

11. gr.

Úthlutun fer fram í byrjun hvers árs, og það tilkynnt með viku fyrirvara. Skulu umsóknir sendar formanni sjóðsins ásamt upplýsingum um efnahag. Til að teljast styrkhæfur þarf sjúklingur að hafa dvalið minnst tvo mánuði á hælínu.

12. gr.

Hætti hælið að starfa sem berklahæli fyrir fullorðna og sjúklingar þeir, er hér dvelja þá, verða fluttir á annan stað þar sem engir eða tiltölulega minni styrktarsjóðir eru fyrir, skal sjóðurinn ganga til styrktar því hæli eða spítala, sem þeir flytjast til, með óbreyttri skipulagsskrá.

13. gr.

Reglum þessum má að eins breyta með samþykki $\frac{3}{4}$ atkvæða meiri hluta sjúklinga.

Skipulagsskrá þessi var samþykkt í einu hljóði af sjúklingum í Hressingarhælínu í Kópavogi, 1. janúar 1939.